

Aðalfundur

Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu

29.03.2023

Fundarstjórar: Ari Björn Thorarensen og Kristjana Eyjólfsdóttir.

Ritarar: Elín Helga Sanko og Rut Ragnarsdóttir

Umsjón fjarfundar: Jóhanna Þórdórsdóttir og Kristín Erna Arnardóttir

Umsjón með rafrænum kosningum: Þórður Höskuldsson

Þórarinn setti fundinn bauð alla velkomna á þennan 4. aðalfund Sameykis. Í fundarsal voru u.þ.b. 80 manns og 30-40 manns á fjarfundi. Hann kynnti tillögur um fundarstjóra og ritara sem var samþykkt og síðan var gengið til dagskrár.

Ari Björn Thorarensen fundarstjóri tók við fundinum og þakkaði traustið. Því næst fór Þórður Höskuldsson aðeins yfir hvernig staðið yrði að rafrænum atkvæðagreiðslum og sýndi glærur til að útskýra hvernig best væri að skrá sig og kjósa.

Dagskrá:

1. Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis flytur skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári:

Ágætu fundarstjórar, kæra félagsfólk hér í salnum og á internetinu.

Skýrsla stjórnar Sameykis liggur hér frammi í prentuðum eintökum og er einnig að finna í rafrænni gátt fundarins. Að venju miðast tölulegar upplýsingar við almanaksárið en efnislegir þættir eru miðaðir við starfsár stjórnar. Tímabilið sem ársskýrslan tekur til er því frá janúar 2022 til mars 2023.

Ég vil byrja á því að þakka öllu félagsfólki sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir mikið og gott starf í þágu Sameykis. Fjölbreytt verkefni hafa verið á dagskrá á liðnu ári, en þau fyrirferðamestu hafa verið undirbúningur kjarasamninga og kjaraviðræður sem greint er frá í ársskýrslunni.

Stjórn

Í stjórn Sameykis sitja fjórtán manns sem koma frá ólíkum áttum og gæta saman að hagsmunum alls félagsfólks. Fyrir utan mig eru í stjórninni Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður, Elín Helga Sanko ritari, Berglind Margrét Njálsdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson, Egill Kristján Björnsson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Ingunn Hafdis Þorláksdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Kári Sigurðsson, Ólafía L. Sævarsdóttir, Rut Ragnarsdóttir og Svanhildur Steinarsdóttir. Ég vil nota tækifærið og þakka þessu góða stjórnarfólki fyrir árangursríkt og gott samstarf á liðnu starfsári.

Helstu verkefni ársins

Eitt mikilvægasta verkefni Sameykis á árinu var að undirbúa kjarasamninga. Við skipulögðum morgunverðarfundum um allt land með félagsfólki og verkefnið var að greina og gera tillögur um hvað ætti helst að leggja áherslu á, í komandi kjarasamningsviðræðum. Í Reykjavík voru haldnir 6 greiningarfundir, þar af einn sem var sérstaklega miðaður að félagsfólki af erlendum uppruna, en auk þess voru fundir á Akranesi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum, auk opinna funda fyrir alla gegnum fjarfundarþúnað. Einnig var markmiðið með fundunum að auka samtal og styrkja tengslin á milli Sameykis og félagsfólks. Ég mun sem formaður hér eftir sem hingað til leggja áherslu á staðbundna fundum um allt land, því ekkert er betra en að hittast í eigin persónu, skilgreina verkefnin fram undan og velta upp hugmyndum um hvaða leiðir skal fara til að ná fram

markmiðum okkar félagsfólks. En við komum hér aðeins síðar að kjarasamningsgerðinni sem við erum núna að vinna að.

Þess skal þó getið að Sameyki gerir um 160 stofnanasamninga og eru þeir hluti af kjarasamningum við ríkið. Nokkrir slíkir hafa verið í vinnslu á árinu og ekki er hægt að tala um hraðferð í þeim verkefnum.

Í kjarasamningunum núna er verið að semja um mjög afmarkaða þætti sem koma til framkvæmda, eða bara launahækkunar og launatengda þætti en einnig var samið um verkáætlun, sem er í eðli sínu einungis útfærsla á kröfugerð okkar. Sú vinna mun vera í gangi á samningstímanum og vænta má að stofnanasamningar komist ekki almennt á dagskrá fyrr en eftir næstu samninga.

Jöfnun launa

Eftir aðalfund okkar á síðasta ári var lagst af miklum þunga að koma verkefninu Jöfnun launa á milli markaða upp úr hjólförunum og taka fyrstu skref til jöfnunar. Verkefnið er samkomulag BSRB, BHM og KÍ við Ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin frá 2016 og frá þeim tíma hefur verið tekist á um aðferðarfræði við greiningar, skýribreytur og viðmiðunartímabil, svo eitthvað sé nefnt. Eftir allnokkur átök í vetur hefur náðst svokallaður áfangasamningur sem verður fyrsta skrefið í átt að leiðréttingu. Um er að ræða varfærið fyrsta skref og verður megináherslan núna lögð á að komast af stað í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Ekki er um það að ræða að þetta skref verði heildarlausn innan þessara kerfa, en þetta er byrjunarskref og fleiri hópar koma inn í mengið eftir því sem verkinu mun vinda fram. Verkefnið mun með öðrum orðum halda áfram með áfangaadgerðum til næstu ára, eða þangað til við sjáum að ómálefnalegur launamunur milli markaða sé ekki kerfislegt vandamál hjá opinberum launagreiðendum. Ekki er óvarlegt að áætla að við séum að líta til næstu 5 til 6 ára.

Í þessu ljósi er upplýsandi að ríffa upp hvernig launagreiðendur á almennum markaði og heildarsamtök þeirra, Samtök atvinnulífsins, hafa í vetur hamast á launafólki á opinberum markaði með fullyrðingum um að opinber vinnumarkaður hafi hækkað í launum langt umfram almennan markað og leitt launaþróun í landinu. Við höfum skrifað allnokkuð um þessar rangfærslur og margoft sýnt framá að þessar upphrópanir eiga sér enga stoð. En í áróðri sínum gegn opinberri þjónustu og opinberu starfsfólki skeyta Samtök atvinnulífsins hvorki um skömm né heiður. Áróðurinn er grímulaus og tilgangurinn helgar meðalið; að veikja velferðarkerfin okkar.

Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins 2022, málþing og viðurkenningarhátíð Sameykis eru stórir viðburðir, sem haldnir eru á hverju ári í tengslum við könnunina Stofnun ársins. Tilgangur þessa verkefnis er veita starfsfólki tækifæri á að meta vinnustað sinn og starfsumhverfi, en um leið að efla vitund stjórnenda á opinberum vettvangi um hvernig starfsfólk upplifir sína vinnustaði og einstaka þætti sem tengjast þeim.

Ekki er hægt að sleppa því að minnast á að verkefnið stækkaði til muna í síðustu keyrslu. Mjög ánægjulegt er að Reykjavíkurborg tók nú þátt í könnuninni fyrir allt sitt starfsfólk og gefur þá stjórnendum hjá borginni mun skýrari mynd af einstökum þáttum sem mikilvægt er að skoða hverju sinni. Einnig var samhliða gefin út skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar og hún var send öllum þingmönnum og stjórnendum sveitarfélaga til glöggvunar á því, hvernig opinbert starfsfólk upplifir aðstæður sínar í krefjandi hlutverkum sínum í almannajónustunni.

Útgáfu og kynningarmál

Virkni á vef Sameykis og notkun samfélagsmiðla var kraftmikil á árinu. Tímarit Sameykis er vettvangur upplýsinga og samfélagsumræðu sem endurspeglar það samfélag sem félagsfólk okkar býr og starfar í. Tímaritið er í stöðugri þróun og hefur vakið verðskuldaða athygli. Á vef Sameykis voru skrifaðar 187 fréttir á árinu 2022 eða 3,6 fréttir í viku hverri að meðaltali. 51 pistlar voru birtir á vef Sameykis frá formanni og öðrum pistla- og greinarhöfundum á árinu sem leið og einnig voru birtar skoðanagreinar formanns á ýmsum fréttamiðlum. Vefurinn okkar og samfélagsmiðlar eru síðan í mikilli virkni og heimsóknir og flettingar á vefnum skipta orðið hundruðum þúsunda yfir árið.

Mikil vinna fór í að hanna og virkja nýjar Mínar síður á árinu. Þar getur félagsfólk sótt um alla styrki í sjóðunum, skoðað stöðu umsókna sinna, sent inn erindi sem varða réttindi og kjör o.m.fl. Með nýjum Mínum síðum er verið einfalda og bæta alla þjónustu við félagsfólk, straumlinulaga öll umsóknarferli, vera í takti við tímann í tæknimálum og styrkja alla persónuvernd. Það er ekki annað

að sjá núna en að félagsfólk kunni vel að meta þessa framþróun. Alls voru innskráningar á Mínar síður Sameykis 28.498 sl. 12 mánuði og hafa aukist um 3527 á milli ára.

Sjóðir

Sjóðir félagsins störfuðu af krafti líkt og undanfarin ár. Á árinu var lokið við að sameina allt félagsfólk í einn Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis, en félagsfólk sem starfar hjá Reykjavíkurborg og tengdum aðilum, færðust þá yfir til okkar sjóðs frá Styrktarsjóði BSRB. Mikil vinna fór í sameiningarferlið, breyta þurfti úthlutunarreglum svo gæta mætti þess að sjóðurinn stæði undir skuldbindingum sínum og félagsfólk héldi réttindum sínum að lang mestu leyti. Stærsta breytingin er að nú þarf félagsfólk að greiða í 6 mánuði af 12 og þar af 3 mánuði samfelld fyrir styrkveitingu. Við þessar breytingar aukast réttindi félagsfólks umtalsvert; frá því að þurfa að greiða í 12 mánuði af 24 og fallið er frá kröfu um lágmarks félagsgjöld. Einnig breyttust viðmiðunartímabil réttinda, frá því að vera á almanaksári yfir í 12 mánaða tímabil hverju sinni.

Með flutningi félagsfólks í nýjan sjóð jókst fjöldi umsókna mikið, enda um tvöföldun félagsfólks að ræða sem réttindi eiga í sjóðnum. Um 5.500 styrkir voru afgreiddir frá sjóðnum á árinu 2022 og nam upphæðin sem félagsfólk fékk úthlutað, tæplega 300 milljónum.

Umfang starfsins kringum starfsmenntunarsjóðina okkar jókst einnig töluvert. Á árinu 2022 voru afgreiddir 4.630 starfsmenntunarstyrkir til félagsfólks úr menntunarsjóðum Sameykis, en þeim fjölgaði um 700 frá árinu áður og útgjöldin jukust umtalsvert. Fjölgunin var hlutfallslega mest í styrkjum vegna náms- og kynnisferða erlendis eða útgjaldaaukning um 2.500% frá 2021 þegar þeir nánast þurrkuðust út vegna heimsfaraldursins.

Orlofssjóður

Í orlofssjóði var einnig ýmislegt að gerast á árinu. Sjóðurinn á samtals 70 eignir og nýjasta eignin er glæsilegt orlofshús á Tenerife, sem verið er að gera klárt til notkunar. Auk þessara eigna félagsins þá leigir sjóðurinn um 15 eignir á hverju ári til að tryggja sem fjölbreytilegustu orlofskosti. Aðsókn að orlofshúsum hefur verið góð og sjóðurinn hefur bæði staðið að viðhalds- og uppbyggingarverkefnum. Góðri uppbyggingu orlofshúsa í Munaðarnesi er nú að mestu lokið og orlofshúsið á Arnarstapa hefur verið endursmíðað innan dyra og það sama á við um orlofshús félagsins í Húsafelli og Hólasetri á Suðurlandi. Þá er verið að vinna að lokaundirbúningi fyrir allsherjarendurnýjum orlofsbyggðar okkar að Úlfjótavatni. Auk þeirra eigna sem til útleigu eru stendur sjóðurinn fyrir fjölbreyttri þjónustu í orlofsmálum allt frá flugávisunum til útilegukorta.

Starfið á skrifstofunni

Þau eru bæði fjölbreytt og mörg verkefni sem fara í gegnum hendur starfsfólks á skrifstofu Sameykis, en auk formanns starfa 20 einstaklingar á skrifstofu félagsins. Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk í gegnum kjara- og réttindamál, rekstur sjóða félagsins og orlofskerfisins auk daglegs rekstrar og ýmissar útgáfu. Á skrifstofunni er haldið utan um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar Sameykis, fulltrúaráðs, trúnaðarmannaráðs, stjórna sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins, stofnun ársins o.fl., auk allra þeirra erinda og verkefna sem snúa að réttinda- og kjaramálum félagsfólks. Félagið er stórt og vaxandi en fjöldi félagsfólks er orðinn um 12 til 13 þúsund. Stöðugt er unnið að því að styrkja starfsumhverfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við félagsfólk. Töluvert vinna hefur verið lögð í að marka stefnu fyrir starfsemi félagsins á vettvangi stjórnar og fulltrúaráðs. Mikilvægt er að breið samstaða sé um framtíðarsýn og unnið sé eftir sameiginlega mótaðri stefnu. Á árinu var haldið áfram með innleiðingu Work Point skjalavistunarkerfisins sem gegnir lykilhlutverki í utanumhaldi gagna sem berast frá félagsfólki vegna umsókna og annarra samskipta við félagið. Einnig hélt skrifstofan utan um erlenda samstarfið sem er einkum fólgið í samstarfi með norrænum systurfélögum. Annars vega á vettvangi NTR sem eru samtök starfsfólks í almannapjónustu á sveitarstjórnarstigi og NSO sem eru samtök starfsfólks í almannapjónustu einkum hjá ríkinu, en félagið tók þátt í ráðstefnum beggja þessara samtaka á árinu.

Launamál

Hjá Sameyki höfum við þá venju að greina frá á aðalfundi um laun þeirra sem eru í ábyrgðarstöðum hjá félaginu. Á því er engin breyting. Hér ætla ég að gera grein fyrir helstu þóknunum og launasetningu þeirra sem sitja í stjórnnum innan Sameykis og einnig æðstu stjórnenda félagsins.

Þeir sem sitja í stjórn félagsins fá greitt fyrir hvern stjórnarfund sem hér segir: Fyrir hvern fund 25.976 kr. Varaformaður og ritari fá að auki eingreiðslu á mánuði sem er 33.098 kr. Fyrir setu í stjórnnum sjóða fær stjórnarfólk fyrir hvern setinn fund 5.360 kr. en formenn fá greiddar 10.720 kr.

Laun formanns félagsins og skrifstofustjóra eru ákvörðuð þannig, að stjórn kýs sér launanefnd sem semur við skrifstofustjóra og tekur ákvörðun um laun þess sem er í starfinu á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun Sameykis félaga í sambærilegum stjórnunarstörfum sem við sjáum bæði í launakönnun félagsins og í félagsgjöldum, en einnig er litið til launasetningar í sambærilegum störfum á okkar vettvangi.

Laun skrifstofustjóra eru 929.546 þúsund krónur á mánuði ásamt fastri yfirvinnu, sem er u.þ.b. 10 tímar á viku sem gera 376.480 kr. Samanlagt 1.306.026.- kr.

Laun formanns félagsins taka mið af þessum launum en hann fær 16% álag ofan á þau.

Félagsstarfið

Trúnaðarmannaráð og Fulltrúaráð eru að stórum hluta hrygglangan í innra starfi félagsins. Verkefni þeirra skipaði stóran sess í starfi Sameykis á starfsárinu. Á fundum voru ýmis mál tekin til umræðu og í ráðunum voru samþykktar mikilvægar ályktanir. Trúnaðarmannaráðið samanstendur af öflugum 320 manna hópi sem sinnir mikilvægu grasrótarstarfi fyrir félagið.

Auk þessa erum við með reglulega starfandi málefnaþópa sem eru Menningar- og viðburðanefnd, Framtíðarvinnumarkaðsnefnd, Heilbrigðis- og velferðarnefnd, Jafnréttisnefnd, Kjara- og starfsumhverfisnefnd og Umhverfis- og loflagsnefnd og að auki nefndir eins og Laganefnd sem starfað hefur í aðdraganda þessa fundar og Kjörnefnd sem nú hefur mikilvæg verkefni með höndum vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, að ógleymdum Vinnudeilusjóði sem er ætíð tilbúinn á ráslínunni ef og þegar kemur að vinnudeilum og verkefnum sem tengjast kjarasamningum.

Rétt er að víkja einnig að deildunum sem starfandi eru; Atvinnubilstjórar hjá Strætó, Háskóladeild Sameykis, Félag íslenskra félagsliða, Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa, Fangavardafélag Íslands, Félag heilbrigðisgagnafræðinga og Lífeyrisdeild Sameykis, auk þess sem að nú er að bætast í þann hóp Landvarðafélag Íslands, en ég vík betur að því síðar. Auk þess á Sameyki 30 fulltrúa í um 30 starfshópum á vegum BSRB og samstarfsaðila. Þessir innviðir félagsins eru slagæðar Sameykis og mikilvægur hugmyndabrunnur að markmiðum og stefnumiðum félagsins þegar kemur að starfinu utan kjarasamninga.

Öruggt húsnæði fyrir leigjendur

Öruggt húsnæði er eitt mikilvægasta hagsmunamál launafólks á Íslandi. Umræðan um þau mál hefur oftast en ekki verið endasleppt og óbreitt ástand ríkt þrátt fyrir vandann sem blasir við. Síðastliðið haust þróaðist hugmynd innan Sameykis sem var að leita eftir hugmyndum og þekkingu á alþjóðavettvangi um hvernig standa mætti að styrkri og öruggri uppbyggingu húsnæðis fyrir launafólk. Hugmyndin óx ekki upp úr engu, því á vettvangi BSRB og ASÍ eigum við Bjarg – leigufélag sem hefur náð ótrúlegum árangri í uppbyggingu leiguhúsnæðis fyrir félagsfólk bandalaganna. Bjarg er byggt á lögum um almennar íbúðir og okkur hefur skort hvetjandi hugmynd til að koma Blæ á skrið, en Blær er hugmynd að leigufélagi þar sem fjárfestar gætu fjárfest til lengri tíma með hóflegri ávöxtunarkröfu. Sameyki blés sem sagt til hugmynda- og samtalsfundar með fulltrúum stéttarfélaganna, lífeyrissjóða, innviðaráðuneytis og ráðherra þess, borgarstjóra og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 31. október síðastliðinn. Fyrirlesarar voru sérfræðingar sem starfa á Evrópskum og alþjóðlegum fasteignamarkaði að framgangi að stranglega regluvæddum fjárfestingaverkefnum í leiguhúsnæði þar sem leigjendum er boðið upp á örugga langtímaleigu með skilgreindri þróun leiguverðs til lengri tíma. Staða þessa máls er núna sú að innviðaráðherra hefur kallað eftir fulltrúum í greiningarvinnu við að kortleggja fyrstu skref á að opna möguleika fjárfesta, þar á meðal lífeyrissjóða, til að fjárfesta í verkefnum sem byggja á þessari hugmyndafræði. Markmiðið er að styrkja húsnæðismarkaðinn, sem þjóni launafólki með hagkvæmum og öruggum hætti til framtíðar, en tryggi á sama tíma hóflega arðsemi fjárfestinga. Leigufélagið Bjarg varð til á hugmyndabörðum stéttarfélaganna og hefur sannað ágæti sitt svo um munar. Nú er komið að því að reyna að taka nýtt skref að nýrri hugmynd og útfærslu til hagsbóta fyrir launafólk.

Kjarasamningar

Af kjarasamningum er það að fréttast að ágætlega hefur gengið með samningagerðina á almenna markaðnum hjá félaginu. Við höfum lokið samningum við Isavia, Frihöfnina og RARIK. Hjá Isavia voru samningar samþykktir með 82,84% greiddra atkvæða, en hjá Frihöfninni með 96,55% greiddra atkvæða. Nýr kjarasamningur er núna í atkvæðagreiðslur hjá RARIK og viðræður eru enn í gangi við Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og RÚV. Vikjum þá aðeins að stóru launagreiðendum; ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum. Það hefur komið á óvart hversu treglega samtalið hefur

gengið við opinbera launagreiðendur. Það var tenging að þessu sinni milli Jöfnunar launa milli markaða og kjarasamningana við ríkið, borgina og sveitarfélögin. BSRB, BHM og KÍ hafa komið sameinuð fram fyrir hönd aðildarfélaga sinna í þessum verkefnum og að þessu sinni. Nú þegar þessir samningar komast nú komast í höfn munu samninganefndir okkar meta stöðuna. Þar munum við fara yfir hvað hvaða árangri við höfum náð og hvort að þær útfærslunnar séu ásættanlegar. Næstu dagar munu því verða fréttæmír.

Kæru félagar

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni en ársskýrsla stjórnar liggur fyrir hér á fundinum og ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur hana vel.

Starfsfólki Sameykis þakka ég kærlega fyrir þeirra góða starf, þrautseigju og gott úthald. Verkefni hafa mörg hver verið snúið og álagið mikið en starfsmannahópurinn okkar hefur sýnt gott þolgæði og er úrræðagóður þegar á reynir. Við sjáum þó við sjóndeildarhring að allnokkrar áskoranir bíða okkar á næstu misserum. Það hefur meðal annars vakið okkur til umhugsunar hvað ásókn í félagið er mikil. Hluti starfsfólks Alþingis hefur þannig sótt um aðilda að félaginu og einnig hefur Landvarðafélag Íslands óskað eftir inngöngu og munu nýtt félagsfólk frá því félagi hljóta félagsaðild þann 1. apríl næstkomandi. Einnig hafa stofnanir og fyrirtæki sótt um aðild að félaginu á liðnu ári og það liður ekki sá dagur á skrifstofunni, að ekki komi óskir frá einstaklingum og hópum um að gerast aðilar að Sameyki. Þessi staða mun kalla á endurskipulag og styrkingu á okkar daglega starfi og það er spennandi að takast á við verkefni af því tagi.

Ég hef áður minnst á hversu fjölbreytt félagið okkar er og forsenda þess er auðvitað virkt og áhugasamt félagsfólk. Ég vil því að lokum þakka öllu félagsfólki sem hefur stigið fram og tekið þátt í starfi og verkefnum félagsins á liðnu ári. Þið hafið öll sýnt aðáunarverða hugmyndaauðgi, úthald og áhuga.

Ágæta félagsfólk. Ég þakka fyrir liðið ár og það traust sem þið hafið sýnt okkur við að leiða félagið áfram í baráttu nýrra daga.

Nú vil ég bjóða fundarstjóra orðið.

Kærar þakkir fyrir gott hljóð.

Fundarstjóri lagði til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu í boði eftir kynningu á reikningum félagsins og er það samþykkt.

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið frammi á netinu. Ekki hafa borist athugasemdir um hana og skoðast hún samþykkt.

2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaks ár.

Gunnsteinn R Ómarsson, skrifstofustjóri fór yfir ársreikninga félagsins fyrir árið 2022. Reikningarnir eru full endurskoðaðir og hafa verið kynntir fyrir félagslegum skoðunarmönnum, í stjórn og öllum sjóðum félagsins.

Sjóðirnir eru 8 talsins:

- Félagssjóður - fjármagnsliðir neikvæðir um 13 milljónir - afkoma rúmar 23 milljónir
- Orlofssjóður – fjármagnsliðir neikvæðir um 1 milljón
- Styrktar og sjúkrasjóður – síðasta skipti sem tölur birtast með þessum hætti vegna sameiningar - fjármagnsliðir neikvæðir um liðlega 5 milljónir.
- Vinnudeilusjóður – neikvæður fjármagnsliður upp á rúmar 113 milljónir, en eignir miklar.
- Starfsmenntunarsjóður – afkoma (tap) ársins tæpar 16 milljónir.
- Fræðslusjóður – afkoma (tap) ársins rúmar 6 milljónir
- Mannauðssjóður – neikvæðir fjármagnsliðir rúmar 8 milljónir

Gunnsteinn fjallaði um neikvæðar fjármagnstekjur sjóða sem eru reiknaðar stærðir sem eru tilkomnar vegna neikvæðar markaðsstöðu á öllum mörkuðum heimsins.

Því næst fór Gunnsteinn yfir fjárhagsáætlun félagssjóðs og orlofssjóðs Sameykis fyrir árið 2023.

Félagssjóður: Gert er ráð fyrir hækkun félagsgjalda um rúmar 54 milljónir króna. Forsendur hækkunar félagsgjalda eru byggðar á væntum launahækkunum og auknum fjölda félagsmanna. Aukning fjármagnsliða og lífeyrisskuldbindinga er sömuleiðis byggð á reiknuðum stærðum og teknu tilliti til áætlaðrar verðbólgu og er gert ráð fyrir rúmlega 15 milljón króna hækkun þar.

Orlofssjóður: Farið yfir fjárhagsáætlanir orlofssjóðs fyrir árið 2023 og tekið tillit til reiknaðra stærða og verðbólgu. Þar er gert ráð fyrir hækkun fjármagnsliða um rúmar 3 milljónir króna. Enn fremur var farið yfir væntanleg verkefni og fjárfestingar orlofssjóðs.

Umræður og spurningar

Pétur Ásbjörnsson spyr út í fjárhagsáætlanir og hvernig þær hafa staðist.

Gunnsteinn svarar því til að þær hafi staðist nokkuð vel, flóknustu liðirnir eru reyndar ekki með í áætlunum. Fjárhagsáætlanirnar hafa yfirleitt staðist nokkuð vel enda yfirleitt haft borð fyrir báru og áætlað frekar meira en minna.

Hafðís Vilhjálmsdóttir spyr um útistandandi iðgjöld sjóða. Eru þetta bara reikningar sem ekki var búið að greiða um áramót eða er önnur skýring?

Gunnsteinn svarar því til að þetta sé punktastaða um áramót. Það sé búið að reikna laun um áramót en ekki búið að greiða af þeim.

Inga Lóa Steinarsdóttir spyr um rekstrartekjur, hvað eru margir félagsmenn, hvert sé lægsta starfshlutfallið og hvert er iðgjaldið. Einnig spyr hún um hækkun vegna skýrslugerðar í styrktar- og sjúkrasjóði.

Gunnsteinn segir skýrslugerðina vera vegna sameiningar sjúkrasjóða BSRB og Sameykis. Það var mjög stórt verkefni að fara í gegnum allar greiningar við sameiningu sjóðanna.

Þórarinn bætir við að í sameiningarferlinu hafi verið aðkeypt mikil greiningarvinna við tryggingarferli sjóðanna og það hafi verið dýrt. Það hafi verið hluti af gagnaöflun til að sameiningin tækist sem best. Hvað varðar fjölda félagsmanna þá sé hann u.þ.b. 11-14 þúsund manns, fer aðeins eftir árstíma því það fjölgar á sumrin þegar sumarafleysingafólki kemur inn o.s.frv. Ekki er vitað um starfshlutfall í mörgum tilfellum því þær tölur liggja einfaldlega ekki á lausu hjá atvinnurekendum.

Hendrikus Bjarnason kvartar um yfirferð fjárhagsáætlunar. Ekki hafi sést almennilega á skjáina og því ómögulegt að fylgjast með eða mynda sér skoðanir. Hann spyr hvort ekki sé hægt að fá eintak til að skoða betur.

Gunnsteinn bendir á fundargáttina, þar liggi fjárhagsáætlunin öllum aðgengileg.

Jón Brynjarsson spyr um mannauðssjóð trúnaðarmanna. Hann langar að fá upplýsingar um umbun og umsjónatengda þætti vegna trúnaðarmanna, hvernig sú tala myndast?

Þórarinn upplýsir að framlag í mannauðssjóð er 0,1% sem er skilgreind notkun í sameiginlegu samstarfi allra félaga innan BSRB, þ.e. að þetta fé fer í rekstur, fræðslu og umbun til trúnaðarmanna. Þetta hafi verið ákveðið í kjarasamningum 2013.

Garðar Svansson þakkar fyrir flotta skýrslu. Honum finnst vanta að fá fundargátt opnaða fyrr en gert var nú. Sameyki sé stórt félag með rekstur upp á rúma 5 milljarða og það taki tíma að kynna sé gögnin. Honum finnst of seint að fundargáttin opnast ekki fyrr en samdægurs og telur hálfan mánuð ásættanlegan.

Einnig nefnir hann að félagið sé stórt og kallar eftir fleira fólki nefndir og störf til að deila ábyrgð víðar um félagið. Eigum að nota okkur stærð félagsins.

Ari Björn fundarstjóri ber undir fundinn hvort hægt sé að samþykkja skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun án rafrænnar atkvæðagreiðslu.

Pétur Ásbjörnsson mótmælir, en dregur það til baka.

Engar athugasemdir eru gerðar við skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun og teljast þær samþykktar.

3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.

Þórarinn Eyfjörð kynnti og fór yfir vinnu laganeðndar frá síðasta aðalfundi, þar sem til komu verkefni til laganeðndar vegna lífeyrisdeildar ásamt vinnu fulltrúaráðs. Fórum í gegnum miklar lagabreytingar á síðasta ári þar sem við vorum að aðlaga bráðabirgðalög frá upphafi sameiningar SFR og StRv að störfum Sameykis. Vorum með trúnaðarmannaráð með um 320 manns og fulltrúaráð með um 120 manns innan trúnaðarmannakerfisins.

Í Covid var farið að vinna í auknum mæli í gegnum fjarfundi. Sú þróun hefur breytt verklagi og í dag er lítið mál að kalla trúnaðarmannaráð saman með litlum fyrirvara. Því er tillaga stjórnar að allar skyldur fari aftur inn í trúnaðarmannaráð og að fulltrúaráð verði lagt niður.

Tillögur að lagabreytingum Sameykis stéttarfélags í almannajónustu Lagðar fram á aðalfundi félagsins þann 29. mars 2023

Í laganeðnd Sameykis eru: Ingibjörg Sif Sigríðardóttir (OR), Egill Kristján Björnsson (Fangelsismálastofnun), Rut Ragnarsdóttir (Borgarbókasafn), Helga Bryndís Kristjánsdóttir (Fristundamiðstöðin Gufunesbæ), Lóa Dís Másdóttir (Landhelgisgæsla Íslands) og Egill Heiðar Gíslason (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun)

2. kafli. Aðild að félaginu og úrsögn 4. grein.	Breyting
2. mgr. Félagsfólk sem verður atvinnulaust á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan það er á skrá sem atvinnulaust, enda eigi það ekki aðild að öðru stéttarfélagi. Atvinnulaus einstaklingur greiðir félagsgjald, en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti.	2. mgr. Félagsfólk sem verður atvinnulaust á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan það er á skrá sem atvinnulaust, enda eigi það ekki aðild að öðru stéttarfélagi. Atvinnulaus einstaklingur greiðir félagsgjald, en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti. Einnig er stjórn heimilt að ákveða hvort viðkomandi einstaklingar njóti réttinda í sjóðum félagsins ef svo ber undir.
3. mgr. Félagsfólk sem lætur af starfi á aldursmörkum eða vegna veikinda og hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta, heldur öllum félagsréttindum ef það kys, en skal vera gjaldfrjálst.	3. mgr. Félagsfólk sem lætur af starfi á aldursmörkum eða vegna veikinda og hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta öðlast rétt í lífeyrisdeild Sameykis samkvæmt grein 28.
4. mgr. Félagsfólk getur óskað þess að stjórn félagsins hafi afskipti af ráðningarkjörum, starfskjörum, eftirlaunum, brottvikningu og öðru því sem máli skiptir í samræmi við tilgang félagsins. Þetta fellur brott, er í 2. (sjá til hliðar):	2. gr. - Tilgangur félagsins er: 1. Að vinna að hagsmunamálum félagsfólks, standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum. 2. Félagið styður félagsfólk og veitir ráðgjöf vegna ráðningarkjara, starfskjara, eftirlauna, brottvikningar, félagslegrar mismununar og öðru sem máli skiptir í samræmi við tilgang félagsins.

	3. Að fara með fyrirvar einstaklinga, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga.
--	---

Allar breytingartillögur í 4. grein samþykktar með miklum meirihluta.

5. kafli. Stjórnarfundir og stjórnarstörf	Viðbót
Ný málsgrein. 19. gr. 7. mgr. (ný gr. og aðrar færast í númerum) Ný málsgrein til að skýra betur ábyrgð stjórnar félagsins og stjórnir sjóða.	Allar meiriháttar ákvarðanir um réttindi sjóðfélaga og áætlanir er varða fjárhagslegar skuldbindingar stjórna réttindasjóða félagsins, skal leggja fyrir stjórn félagsins til samþykktar eða synjunar.
Núverandi 7. mgr. Stjórnin skal yfirfara og samþykkja reikninga félagsins með áritun.	Stjórnin skal yfirfara og samþykkja reikninga félagsins með áritun. Stjórnir réttindasjóða yfirfara og árita reikninga viðkomandi sjóða.

Ábending frá Gunnari Rúnari Matthíassyni um að setja inn eitt orð: **viðkomandi** sjóða. Það er samþykkt til að áréttu að stjórnir sjóða áriti bara þá reikninga sem þeir sitja í stjórn fyrir.

8. kafli. Fulltrúar á þing BSRB 23. gr.	Um þing BSRB og þingfulltrúa
Ný málsgrein.	Grein þessi skal taka breytingum skv. ákvörðun stjórnar BSRB um breytingar á fyrirkomulagi þings BSRB hverju sinni.

Samþykkt

9. kafli 25. gr.	Breytingar
Trúnaðarmenn þeir sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 24. gr. eða kjörnir samkvæmt ákvæðum 28. gr. mynda ásamt stjórn trúnaðarmannaráðs. Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmannaráðs að fjalla um kjara- og réttindamál starfsfólks, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga. Fundir í trúnaðarmannaráði skulu vera að lágmarki tveir á ári.	Trúnaðarmenn þeir sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 24. gr. eða kjörnir samkvæmt ákvæðum 28. gr. mynda ásamt stjórn trúnaðarmannaráðs. Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Miða skal við að fundir Trúnaðarmannaráðs séu haldnir að jafnaði í hverjum mánuði utan orlofstíma. Formaður félagsins er jafnframt formaður Trúnaðarmannaráðs.

Viðbót samþykkt með miklum meirihluta.

10. kafli	Breytingar
26. gr.- Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfirðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að eftirtalдар kjarasamningseiningar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu; —kjarasamningur— ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa); —kjarasamningur— sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa); —kjarasFulltrúar á amningur—SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa). Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð skal setja nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði. Stjórn félagsins skipar uppstillingarnefnd sem gerir tillögur að skipan fulltrúaráðs. Uppstillingarnefnd skal útbúa kynningargögn sem kynnt skulu Trúnaðarmannaráði a.m.k. tveimur vikum áður en tillagan er lögð fram til afgreiðslu.	Trúnaðarmannaráð tekur við öllum hlutverkum og ábyrgðarsviðum Fulltrúaráðs. Númer greina og annað lagfært að breyttu breytanda

Niðurfelling samþykkt með miklum meirihluta

11. kafli. Deildarskipting	Breyting
28. grein. Háskóladeild Starfrækja skal deild félagsfólks með háskólamenntun. Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti Bachelor-gráðu eða sambærilegu námi og uppfylla eitthvert skilyrði 3. gr.	Starfrækja skal deild félagsfólks með háskólamenntun. Háskóladeild skipa einstaklingar sem eru í viðurkenndu háskólanámi eða hafa lokið námi á háskólastigi og uppfylla eitthvert skilyrði 3. gr.

Hafnað með 52% meirihluta, en það þarf aukinn meirihluta svo lagabreytingar séu samþykktar.

28. grein. Lífeyrisdeild	Orðalagsbreyting
Félagar sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku hafa heimild til að starfrækja innan félagsins deild. Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær, sbr. ákvæði 1.	Félagar sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku hafa heimild til að starfrækja lífeyrisdeild innan félagsins. Aðild að lífeyrisdeild Sameykis er gjaldfrjáls og á deildin rétt á framlagi úr félagssjóði til félagsstarfs og í símenntunarsjóð Lífeyrisdeildar. Framlagið

mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða hagsmuni og réttindi þeirra svo og almennt félagsstarf og kynningu. Stjórn lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu skal heimilt að tilnefna úr sínum hópi 14 fulltrúa í trúnaðarmannaráð og þar af 5 fulltrúa í fulltrúaráð. Formaður lífeyrisdeildar skal boðaður á stjórnarfundum Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu, þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni þeirra.	skal ákveðið af stjórn Sameykis hverju sinni. Félagar í lífeyrisdeild njóta réttinda í orlofssjóði samkvæmt reglum sjóðsins hverju sinni. Lífeyrisdeildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn Sameykis hefur staðfest þær. Í reglunum skal kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um hagsmuni þeirra sem aðild eiga að deildinni, réttindi þeirra svo og almennt félagsstarf og kynningu. Stjórn lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu tilnefnir úr sínum hópi 14 fulltrúa í trúnaðarmannaráð. Formaður lífeyrisdeildar skal boðaður á fundi félagsstjórnar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni deildarinnar.
--	---

Orðalagsbreyting er samþykkt.

Umræður og spurningar:

Ari Björn fundarstjóri gefur orðið laust eftir kynningu Þórarins.

Garðar Svansson biður um orðið og vísar til fyrri gagnrýni varðandi stuttan fyrirvara til að kynna sér gögn. Hann telur að 2. málsgrein um viðauka sé algerlega óþörf og vill ekki bæta einhverju við sem orkar tvímælis. Leggur til að viðbótin verði feld út. Ítrekar að fyrir næsta aðalfund verði búið að birta það sem á að taka fyrir á aðalfundinum fyrir og fær stuðning sal.

Gunnar Rúnar Matthíasson segir 2. málsgreinina vera vandamál. Réttindi verða til með greiðslu félagsgjalda. Hann styður að þessu verði haldið inni til að veita stjórn heimild til að styðja við þá sem eru atvinnulausir. Varðandi áritun sjóða leggur hann til að viðbótin verði: áritun **viðkomandi** sjóða til að árétta að átt sé við viðkomandi sjóð en ekki alla sjóði. Varðandi trúnaðarmannaráðið telur hann að ekki þurfi að taka fram í lögum hlutverk trúnaðarmannaráðs þegar fulltrúaráð er ekki lengur til. Hvað varðar háskóladeildina kveðst hann hissa að sjá að það eigi að opna háskóladeildina fyrir þeim sem ekki hafa lokið háskólanámi. Eilífðarstúdentar séu margir og muni valda vandræðum. Leggur til takmarkaða aðild að deildinni þar til námi er lokið.

Þórarinn þakkar gagnrýnina og ber fyrir sig annríki vegna kjarasamning og tekur á sig ábyrgð vegna birtingar fundargagna. Hann bendir á lögina sem segja 10 sólarhringa fyrirvara fyrir félagsmenn til að skoða gögn varðandi ársreikninga lagabreytingar o.fl. Ætlar að sjá til þess að því verði framfylgt í framtíðinni. Varðandi 2. greinina vill hann heldur halda því inni til að það sé heimild ef á þarf að halda. Hann biðst afsökunar á villuframsetningu.

Garðar Svansson skilur afstöðuna þar sem verið er að tryggja réttindi okkar félagsmanna. Greinin er skýr. Skilur að stjórnin áskilur sér rétt og dregur tillögu sína til baka.

Ari Björn fundarstjóri kveður upp úr með að greidd verði atkvæði um hverja grein fyrir sig eftir kaffihlé, ekki hægt að greiða atkvæði um allar breytingar í einu lagi.

Kaffihlé

Ari Björn biður Þórð Höskuldsson umsjónarmann með rafrænum kosningum að taka við og stýra atkvæðagreiðslum vegna lagabreytinga. Þórarinn kemur í pontu og útskýrir framkvæmd kosninga þar sem hver og ein málsgrein og breytingartillaga er tekin fyrir.

Kristjana Eyjólfssdóttir tekur við fundarstjórn af Ara Birni og tilkynnir breytingu á auglýstri dagskrá. Næsti liður verður tilkynning um trúnaðarmenn ársins sem hefði átt að vera undir liðnum önnur mál. Þórarinn tekur við og kynnir trúnaðarmenn ársins sem eru:

- Sigurbjörg Einarsdóttir hjá ISAVIA
- Vigfús Ægir Vigfússon hjá Landgræðslunni

Þau eru virk í sínum störfum í trúnaðarmannaráði og eru vel að þessum heiðri komin.

Þá er aftur tekið til við auglýsta dagskrá:

4. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

Tillaga um að Ingunni Hauksdóttur hjá endurskoðunarskrifstofunni Ernst og Young verði löggiltur endurskoðandi.

Tillaga um skoðunarmenn reikninga 2 aðal

- Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður
- Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður

og 2 til vara

- Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara
- Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Samþykkt með lófataki

5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.

Þórarinn Eyfjörð formaður rifjaði upp tillögu stjórnar Sameykis sem var lögð fyrir aðalfund 31. mars 2022. Þar lagði stjórn Sameykis til að félagsgjald yrði hækkaði úr 1% af heildarlaunum félagsfólks upp í 1,1% af heildarlaunum, eða um 0,1% og að gjaldið verði með þeim hætti til tveggja ára. Skipting gjaldsins verði þannig að áfram renni 0,87% gjald til Félagssjóðs, en gjaldið til Vinnudeilusjóðs hækki úr 0,13% í 0,23%.

Samþykkt á aðalfundi Sameykis 31. mars 2022 til tveggja ára.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar. (sjá fylgiskjal)

Gunnsteinn R Ómarsson, skrifstofustjóri kynnir.

Þessi liður var tekinn samhliða reikningayfirferð í lið 2.

7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar

Tillögur stjórnar Sameykis að ályktunum aðalfundar. Kristjana les um ályktanirnar hverja fyrir sig og opnar svo á umræður.

1. Auðlindir þjóðarinnar

Aðalfundur Sameykis krefst þess að ríkisstjórnin innheimti sanngjarnt gjald fyrir afnot af auðlindum þjóðarinnar fyrir ríkissjóð Íslands og gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir það aðgerðaleysi sem hún

sýnir í málefnum auðlinda þjóðarinnar. Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hampar þeim sem nýta þjóðarauðlindir til eigin nota ætti hún að vinna að því að fá svo til allan arðinn til sín.

Auðlindaarðurinn er aðeins 2–3% prósent af landsframleiðslunni og ríkisstjórnin verður að snúa við stefnu sinni í að einkavæða arðinn af auðlindum í eigu þjóðarinnar og krefjast tekna til uppbyggingar innviða landsins. Umframhagnaður þeirra aðila sem nýta sér auðlindir þjóðarinnar skilar sér ekki í skattgreiðslum í ríkissjóð. Stjórnvöld þurfa nú þegar að beita sér í innheimtu þessara skatta og beita sér strax fyrir því að gera opinbert mat á verðmætum auðlindanna sem ríkisstjórnin hefur beitt sér gegn að láta framkvæma og hlíf þeim sem njóta arðsins í ræðu og riti.

Auðlindarentan í fiskveiðum og stóriðju sveiflast með verði á afurðunum. Þegar heimsmarkaðsverð á fiski og áli er hátt, eins og raunin er nú um stundir, verður auðlindaarðurinn gríðarlegur. Stóriðjan greiðir ekkert auðlindagjald og heldur ekki fiskeldið sem nýtir haf og firði til að rækta fisk. Í þeim löndum sem stjórnámálamönnum þykir gott að bera sig saman við á tyllidögum er auðlindagjald eða skattur innheimtur af fiskeldi, til að mynda í Noregi, en það er ekki gert hér á landi. Stjórnvöld hafa þá stefnu að afhenda auðmönnum auðlindir þjóðarinnar og halda eftir auðnum sem þær skapa fyrir sig. Sú aðferðafræði að þiggja brauðmolana er óþolandi fyrir þjóð sem kennir sig við velferð og samfélagslega ábyrgð.

2. Efnahagsmál og skattar

Launafólk hefur fundið fyrir kaupmáttarskerðingu vegna aukinnar verðbólgu og stýrivaxtahækkana undanfarið. Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega hvernig ríkisstjórnin situr hjá á meðan eldar kvikna í hagkerfinu. Aðalfundur Sameykis gagnrýnir viðbragðsleysi stjórnvalda sem er til komið vegna slæmra ákvarðana þeirra um að hækka álögur og opinber gjöld sem verst lenda á almennu launafólki. Á meðan hækka bankar vexti á húsnæðislánum og stórfyrirtæki sem sjá almenningi fyrir nauðsynjavöru hleypa auknum vaxtakostnaði út í verðlagið. Almennungur tekur höggið – fjármagnseigendur einungis vindhögg. Það er bæði óábyrgt og óásættanlegt að stjórnvöld láti launafólk bera þannig ábyrgð á hagstjórn landsins á meðan fjármagnseigendum og auðstéttinni er hlíf við sameiginlegum rekstri samfélagsins.

Ríkisstjórnin verður að grípa í taumana. Verð á nauðsynjavöru og þjónustu er svo velt áfram beint út í verðlagið, þrátt fyrir myndarlegan hagnað stórfyrirtækja, sem geta samviskulaust hækkað sína vöru á reglulausum markaði, og nú um áramótin lét ríkið ekki sitt eftir liggja.

Aðalfundur Sameykis telur það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir launafólk að stórhækka gjöld og krónutöluskatta á almenning á sama tíma og stórfyrirtæki og fjármagnseigendur greiða 22% tekjuskatt af fjármagnstekjum sínum sem ekki stafa af atvinnurekstri en launafólk greiðir á bilinu 31,4–46,2% af sínum launatekjum.

3. Heilbrigðiskerfið er opinber þjónusta

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega fjársveltistefnu ríkisstjórnar Íslands í heilbrigðiskerfinu þar sem tilgangurinn er augljós – að einkavæða þjónustuna. Ríkisstjórnin hefur lengi fjársvelt heilbrigðiskerfið og einungis einstök frammistaða starfsfólks í opinberri þjónustu sem starfar í heilbrigðiskerfinu og hefur lagt á sig ómælt og ómælanlegt erfiði heldur því gangandi við þröngan kost. Þó almenningur vilji að hið opinbera eigi að sjá um rekstur heilbrigðiskerfisins hefur einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni aukist á síðustu árum.

Þannig hafa stjórnámálamenn gengið þvert gegn vilja þjóðarinnar í málaflokki sem almenningur telur einn af þeim mikilvægustu fyrir þjóðina. Það er þekkt aðferð að svelta stofnanir og tiltekna málaflokka svo megi einkavæða þá.

Talsmenn einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu tala gjarnan um að ekki sé verið að einkavæða eitt né neitt, aðeins koma þjónustunni eða tilteknum þáttum hennar í einkarekstur. Þetta er hreinn útúrsnúningur sem virðist hafa þann eina tilgang að nota fallegra orð en einkavæðingu yfir einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er ekkert annað en einkavæðing á þjónustu sem veitt er almenningi og á að greiðast með almannafé. Slíkum einkarekstri er náð fram með opinberu stjórnþætti í formi þjónustusamninga sem almenningur greiðir fyrir og gefur sjálfstæðum aðilum tækifæri til að taka fé út úr rekstri heilbrigðisþjónustunnar.

Aðalfundur Sameykis leggst alfarið gegn einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar og gjalddöku sem byggir einungis á hagnaðarsjónarmiðum og krefst þess að almenningur fái þá þjónustu sem þörf er á án þess að þurfa að greiða þriðja aðila sérstaklega fyrir úr eigin vasa.

4. Vindmylluuppbygging á Íslandi

Aðalfundur Sameykis varar ríkisstjórn Íslands við þeim áformum auðmanna og landeigenda að reisa vindmyllugarða í stórum stíl á Íslandi, um 1000 vindmyllur á hátt í 40 landsvæðum í náttúru Íslands. Erlend stórfyrirtæki koma að uppbyggingunni og hafa fengið til liðs við sig fyrrverandi og núverandi þingmenn og ráðherra til að liðka til fyrir áformum sínum í íslenskri stjórnsýslu – og beita ríkisstjórnina áhrifum þegar kemur að vindorkuverum sem munu velta milljörðum króna. Það er skylda ríkisstjórnarinnar að vernda almenning og náttúru Íslands fyrir slíkum fyrirætlunum.

Náttúra Íslands verður að vernda fyrir komandi kynslóðir. Af þeirri raforku sem framleidd er fara 80% til stóriðju og stórnotenda, en 20% til almennings og smáfyrirtækja. Framvinda sölu á raforku inn á evrópskan markað mun hafa þau áhrif að verð á raforku fyrir íslensk heimili mun stórhækka með alvarlegum afleiðingum. Fyrirætlanir þessara aðila er að selja rafmagn á evrópskan markað með sömu aðferðafræði og viðgengst hefur hjá stórfyrirtækjum í álframleiðslu hér á landi; að koma hagnaðinum úr landi í gegnum erlent eignarhald með skuldsetningu.

Aðalfundur Sameykis mótmælir þessum áformum harðlega, að náttúra Íslands verði þannig gerð að verðmætum fyrir peningabraskara. Málflutningur ríkisstjórnar Íslands er ekki trúverðugur – að gera ráð fyrir að þjóðin þurfi 75% meiri orku sem nemur þremur Kárahnjúkavirkjunum til að mæta orkuskiptunum. Það er ekki trúverðugur málflutningur að klæða græðgi erlendra fyrirtækja sem hér ætla að reisa vindmyllugarða í búning orkuskipta, þegar þau ætla að gera það til að selja hana úr landi og valda almenningi miklu tjóni.

Aðalfundur Sameykis tekur undir orð samtaka um náttúru- og landvernd sem gera ráð fyrir fullum orkuskiptum án þess að virkja meira, með því að draga úr orkunotkun stóriðju sem aldrei hefur greitt tekjuskatt fyrir sína orkunotkun hér á landi.

5. Niðurskurður stofnana ríkisins

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega áætlunum ríkisstjórnarinnar að skera niður opinbera þjónustu með því að segja upp starfsfólki, leggja niður stofnanir og fækka mikilvægum verkefnum sem þær sinna fyrir samfélagið. Forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin sé einhuga um þessi áform til að ráðast að verðbólgunni og spara í ríkisútgjöldum án þess að tilgreina á hvaða innviði verði ráðist með niðurskurðarhnífnum. Á sama tíma hyggst ríkisstjórnin sækja auknar tekjur með því að auka álögur á launafólk með hækkandi gjöldum og skertri þjónustu stofnana. Þetta eru þakkirnar til opinberra starfsmanna fyrir að standa vaktina í stormi heimsfaraldursins og tryggja innviði samfélagsins.

Aðalfundur ályktar og bendir forsætisráðherra á leiðir sem færar eru til að verja kaupmátt launa í stað þess að ráðast að launafólki með skattahækkunum og skertri þjónustu opinberra stofnana ríkisins. Sú

leið er að ríkissjóður afli tekna til að mæta útgjöldum með réttlátri og árangursmiðaðri skattheimtu á stóriðju, stórútgerðina, fiskeldi, fjármálastofnanir, fjármagnstekjur og hvalrekaskatt.

Aðalfundur Sameykis mótmælir harðlega fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar sem munu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir launafólk og samfélagið allt ef þær ná fram að ganga. Forsætisráðherra notar orðræðu um að við þjóðin séum öll í þessu saman. Það er rangt því stjórnvöld undanskilja fjármagnseigendur, erlenda auðhringa, stórútgerðina, stórfyrirtæki og þá sem nýta auðlindir þjóðarinnar í eigin þágu.

Umræður:

Gunnar Rúnar Matthíasson biður um orðið og er ósáttur við að ekki hafi verið boðið upp á umræður um hverja ályktun strax eftir að hún hafi verið lesin upp. Hann lýsir jafnframt yfir vonbrigðum sínum með þessar ályktanir. Hefði viljað sjá þær styttri, hnitmiðaðri og beittari.

Þórarinn þakkar brýninguna og leggur til að vanda betur til verka. Hann veltir upp þeim möguleika að starfsmenn skrifstofu semji ályktanir fyrir aðalfund. Gunnar segir það ekki vera ályktanir stjórnar. Þórarinn kallar eftir öðrum lausnum.

Gerður Magnúsdóttir biður um orðið og kveðst hafa hnotið um textann í auðlindum þjóðarinnar. Hún leggur til orðalagsbreytingu til að skýra textann „sem halda eftir auðnum“

Svanhildur steinarsdóttir leggur til að taka út „halda eftir“ í sömu málsgrein

Þórarinn leggur til að hafa textann „sem halda eftir auðlindum þjóðarinnar.“ og það sem eftir stendur fellur út

Það er samþykkt.

Marías leggur til að ályktanirnar verði sendar út til félagsmanna og kallar eftir lengri tíma til undirbúnings. Athugasemd úr sal: þá eru það ekki ályktanir aðalfundar.

Gunnar Rúnar kveður sér aftur hljóðs og telur ályktunina um niðurskurð stofnana vera bestu ályktunina. Hann kveðst ekki ósammála innihaldi annarra ályktana en telur þær ekki tilbúnar að fara frá okkur.

Árni Stefán Jónsson biður um orðið. Hann kveður þessar ályktanir vera mjög efnismiklar og er sammála Gunnari með það. En spyr svo hvort þetta séu ekki tillögur stjórnar? Gunnar sé í stjórn og finnst honum undarlegt að stjórnarmaður tali niður ályktanir sem hann hafi haft tækifæri til að gera athugasemdir við á fyrri stigum og stjórn hafi ákveðið að senda frá sér.

Árni Stefán leggur til að kosið verði um hverja ályktun fyrir sig eða leggja annað fram.

Þórarinn bregst við og segir margar hliðar á málinu og að hver hlið hafi sitt réttmæti. Hann leggur til að kosið verði um hverja ályktun fyrir sig eins og þær eru svo vilji fundarins komi skýrt fram. Það er samþykkt.

Kristjana tekur við fundarstjórn og tilkynnir um atkvæðagreiðslu. Ályktanirnar eru bornar fram ein í einu. Breytingartillagan við síðustu málsgrein í ályktun um auðlindir þjóðarinnar er komin inn. Kosið er um breytingartillögu Þórarins.

Niðurstöður kosninga:

- Ályktun um auðlindir þjóðarinnar: samþykkt með 77% greiddra atkvæða
- Ályktun um efnahagsmál og skatta: samþykkt með 78% greiddra atkvæða
- Ályktun um heilbrigðiskerfið: samþykkt með 72% greiddra atkvæða
- Ályktun um vindmylluuppbyggingu á Íslandi: samþykkt með 60,38% greiddra atkvæða
- Ályktun um niðurskurð stofnana ríkisins: samþykkt með 95,44% greiddra atkvæða.

8. Önnur mál.

- **Trúnaðarmenn ársins 2023**
 - Var tekið fyrir á undan lið 4 strax að loknu kaffihlé.

Ekki eru fleiri mál á dagskrá og afhendir Kristjana fundinn í hendur formanns.

Þórarinn þakkar fyrir góðan og málefnalegan fund. Hann þakkar starfsfólki fundarins fyrir vel unnin störf og fundargestum í sal og á fjarfundi fyrir þeirra þátttöku.

Að lokum áréttar hann að fundargerð verði sett á vefinn og hægt sé að senda inn athugasemdir. Ef þær berast ekki fyrir 1. maí þá sé litið svo á að fundargerð sé samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:03.

Fylgiskjal 1

Fjárhagsáætlun

Félagssjóður Sameykis	Áætlun 2023	Rauntölur 2022
Rekstrartekjur		
Félagsgjöld.....	731.000.000	676.906.427
	<u>731.000.000</u>	<u>676.906.427</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld.....	271.900.000	247.182.278
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	97.800.000	92.288.488
Fundur, námskeið og félagsstarf.....	25.600.000	23.245.864
Útgáfustarfsemi og kynningarmál.....	32.500.000	29.510.817
Kjörgögn og kjarasamningar.....	4.000.000	3.740.463
Rekstrarkostnaður Grettisgötu 89.....	30.000.000	39.369.765
Félagsgjald til B.S.R.B.....	164.900.000	152.716.288
Fyrningar.....	6.800.000	6.447.716
	<u>633.500.000</u>	<u>594.501.679</u>
Niðurstaða fyrir fjármagnsl. og lífeyrisskuldb.	<u>97.500.000</u>	<u>82.404.748</u>

Orlofssjóður Sameykis	Áætlun 2023	Rauntölur 2022
Rekstrartekjur		
Iðgjöld í Orlofssjóð.....	416.892.257	393.294.582
Leigutekjur orlofshúsa.....	81.800.000	80.904.430
Orlofshús til endurleigu o.fl.	-57.080.600	-50.927.190
	<u>441.611.657</u>	<u>423.271.822</u>
Rekstrargjöld		
Rekstrarkostnaður orlofshúsa.....	223.175.885	210.543.288
Fyrning orlofshúsa, áhalda og búnaðar.....	45.008.641	42.460.982
	<u>268.184.526</u>	<u>253.004.270</u>
Niðurstaða fyrir fjármagsliði	<u>173.427.131</u>	<u>170.267.552</u>

Fyrirliggjandi verkefni Orlofssjóðs

Framkvæmdasjóður orlofsmála 2022	512.000.000
Framlag úr rekstri 2023.....	174.000.000
Nýbyggingar á Úlfjótavatni (11 hús).....	-385.000.000
Nýbygging Akraðot (1 hús).....	-70.000.000
Kaup á fasteign á Tenerife.....	-141.000.000
Stærri viðhaldsverkefni	-86.000.000
Endurnýjun húsa á Eiðum.....	-36.000.000